

Intertuf 203

Viðloðunar- og ryðvarnargrunnur

Efnislýsing

Intertuf 203 er einspáttar, þynnispýnntur, vínylbundinn viðloðunar- og ryðvarnargrunnur fyrir stál og léttmálma, plast og trébotna á skipum. Intertuf 203 grunnurinn er hluti af skipa- og iðnaðarlínu International og er notaður sem bæði grunnur undir þakmálningu og klæðningar utanhúss, á hældrif/skipsskrúfur (eftir möttun) og undir botnmálningu á skip. Hann hefur öfluga viðloðunar- og ryðvarnareiginleika og hentar því bæði til nýmálar og sem ryðvörn á hreinsaða ryðbletti. Intertuf 203 inniheldur áflögur sem þetta og styrkja málningsfilmuna gegn tæringu og stuttur þurrktími grunnsins gerir hann er hentugan til notkunar við lágt hitastig.



Meðhöndlun

1. Fjarlægið alla lausa málningu með kröftugri háprýstidælu (um 400 bör).
2. Hreinsið allt ryð af með vírbursta eða sambærilegum verkfærum, t.d. rafknúnu Bristle Blaster ryðhreinsitæki.
3. Hreinsa þarf olíu, fitu og umferðarsót af fletinum með Nordsjö Málartvätt og háprýstipvotti. Blandið Málartvätt með allt að 10 hlutum vatns móti 1 hlut hreinsiefnisins. Fyrir mjög óhreina fleti skal blanda vatni í hlutfallinu 5:1. Setjið blönduna á með úðabrúsa eða bursta. Látið hana liggja á fletinum í nokkrar mínútur. Sprautið af með háprýstidælu (150-200 bör) og látið flötinn þorna vel.
4. Ráðlagt er að nota loftfirrða sprautu með 417-421 eða 517-521 spíssvídd og 211kg/sm² þrýstingi. Einnig er hægt að nota rúllu eða pensil en þá er mælt með að þynna grunninn 10% með GTA007 til að auðvelda dreifingu efnisins.
5. Ef um viðgerð er að ræða og ryð er í fletinum:
 - Þússið ryðið burt með vírbursta eins vel og hægt er
 - Hreinsið flötinn vel
 - Blettið tvisvar í alla ryðbletti með Intertuf 203
 - Heilgrunnið síðan allan flötinn með Intertuf 203. Þetta er gert bæði til að tefja ryðmyndun og tryggja góða viðloðun yfir eldri málningarlög
6. Hámarks yfirmálarartími á grunninum er 7 dagar; skal þá tryggt að flöturinn sé án óhreinda áður en hafist er handa.
7. Ef aðstæður eru erfiðar þá getur Intertuf 203 grunnurinn staðið einn og sér í 6 mánuði, en ef fleiri en 7 dagar líða þarf að grunna aftur fyrir yfirmálar.
8. Ekki mála seint að deginum vegna hættu á daggarmyndun. Rakastig skal vera undir 80% og hitastig járnins verður að vera a.m.k. 3°C yfir daggarmarki.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Litir: Ál, svart, brons

Þurrktími: Snertþurrt 3-4 klst við 5-10°C

Yfirmálar: 8-12 klst við 5-10°C

Þynning: GTA007 frá International

Verkfæri: Lofffirrð (airless) sprauta, rúlla og pensill

Þekja: 5.3-8 m²/l

Dæmigerð filmuþykkt: 50-75µm

Vinnsluhiti: -5°C til 35°C

Blossamark: Yfir 23°C

Umbúðir: 1L, 5L, 20L

Hreinsun verkfæra: GTA007 þynnir frá International

Geymsla: Í köldu og þurru rými

VOC (rokgjörn lífræn efni): 529 g/l

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.